



Borgarráð

Reykjavík, 16. desember 2025

MSS25090057

Samstarfssamningur um Höfða friðarsetur 2026-2028

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samstarfssamning Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um Höfða friðarsetur fyrir árin 2026-2028. Samningurinn er til þriggja ára. Framlag Reykjavíkurborgar samkvæmt samningnum er 12.500.000 hvert samningsár, samtals 37.500.000 kr. á samningstímanum sem færist á kostnaðarstað 09510 – ýmsar samningsbundnar greiðslur. Framlög Reykjavíkurborgar eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana á samningstímanum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um Höfða friðarsetur 2026-2028.

Samantekt á starfsemi Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands 2025.



Reykjavík

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Inntak

Samningsaðilar skuldbinda sig til samstarfs um rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt samningi þessum.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að greiða 12.5 m.kr. árið 2026, 12.5 m.kr. árið 2027 og 12.5 m.kr. árið 2028 til Háskóla Íslands vegna verkefnisins. Háskóli Íslands hýsir verkefnið innan Alþjóðamálastofnunar HÍ og leggur verkefninu til starfsaðstöðu, vinnuframlag og verkefnisstjóra.

1. gr. Markmið

Markmið með stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg og Ísland vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skal setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar. Um skipulag og starfsemi þessa verkefnis er nánar fjallað um í stofnsamþykkt um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

2. gr. Framlög samstarfsaðila

Framlag Reykjavíkurborgar vegna þessa samnings felst í 12.5 m.kr. greiðslu árið 2026, 12.5 m.kr. greiðslu árið 2027 og 12.5 m.kr. greiðslu árið 2028. Framlagið skal greiðast þann 15. júní 2026, 15. júní 2027 og 15. júní 2028 gegn framvísun reiknings. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2027 og 2028 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

Verkefnið er hýst innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og leggur stofnunin verkefninu til starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er, sem og vinnuframlag starfsmanna stofnunarinnar.

Höfði friðarsetur skal standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu árlega þar sem sjónum er beint að friðarmálum í víðum skilningi. Kostnaður við ráðstefnuna deilist jafnt milli samstarfsaðila, þ.e. Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og kemur til viðbótar framlags borgarinnar sbr. hér að ofan. Kostnaðaráætlun vegna ráðstefnunnar skal lögð fram til samþykkis Reykjavíkurborgar fyrirfram.

Um önnur verkefni friðarseturs sem teljast ekki vera hluti af samstarfssamningi þessum skal samið um fyrirfram og kostnaður deilist í þeim tilvikum jafnt á milli samstarfsaðila þessa samnings.

3. gr. Framkvæmd samnings

Fyrir hönd Háskóla Íslands er Alþjóðamálastofnun ábyrg fyrir framkvæmd samningsins en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal skila greinargerð um starfsemi og rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ár hvert í desember. Í fyrsta skipti í desember 2026.

4. gr. Eftirlit og eftirfylgni

Að loknu hverju starfsári sem samningur þessi gildir um skal Höfði friðarsetur skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí ár hvert.

5. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

6. gr. Kynningarmál

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal kynna þau verkefni sem fjárveiting fer til, án sérstakrar þóknunar, sé eftir því óskað af hálfu Reykjavíkurborgar. Stofnunin skal jafnframt upplýsa í kynningum á verkefninu að það njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Verði dráttur á greiðslu fjárframlaga Reykjavíkurborgar samkvæmt 2. gr. samnings þessa, og hafi greiðsla ekki borist innan 30 daga frá gjalddaga þrátt fyrir skriflega áskorun þar að lútandi, áskilur Háskóli Íslands sér rétt til að rifta samningnum.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna efnda samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2028. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags]. 2025

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Silja Bára Ómarsdóttir
rektor Háskóla Íslands

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Samantekt á starfsemi Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands 2025



Í þessari samantekt er farið yfir helstu verkefni sem Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg árið 2025.

Höfði friðarsetur starfar undir Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Setrið var stofnað árið 2016 og hefur það að markmiði að stuðla að þverfræðilegum og alþjóðlegum rannsóknum í friðar- og átakafræðum, styðja við upplýsta stefnumótun og auka framboð á kennslu og fræðslu fyrir almenning á sviði friðar- og átakafræða.

Alþjóðleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs

The Imagine Forum



Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið var haldin í Veröld - húsi Vigdísar þann 10. október frá kl 10:00 – 17:00 undir yfirskriftinni *The Imagine Forum: Protecting Rights – Defending Peace*.

Í ár var lögð áhersla á að skoða hvernig vaxandi einræðishyggja, hnignun lýðræðis og bakslag í mannréttindum, þar á meðal í kynjajafnrétti og réttindum LGBTQI+ fólks, ógnar grundvallarforsendum friðar. Sérstaklega var horft til þess hvernig þessar áskoranir birtast í borgum og hafa áhrif á líf almennra borgara, þar sem lýðræðisleg þátttaka, öryggi og aðgengi að réttindum eru lykilforsendur félagslegrar samheldni. Þegar réttindi einstaklinga eru skert og jaðarhópar verða fyrir kerfisbundinni mismunun, grafa stjórnvöld undan trausti, félagslegri samheldni og þátttöku almennings í lýðræðislegum ferlum. Verndun mannréttinda er því lykilforsenda þess að tryggja varanlegan og réttlátan frið.

Við fengum til okkar einvalalið sérfræðinga til að ræða um mikilvægi þess að standa vörð um mannréttindi til að tryggja varanlegan frið. Meðal þeirra voru: **Nazanin Boniadi**, heimspekt leikkona og mannréttindafrömuður sem leggur áherslu á réttindi kvenna og tjáningarfrelsi í Íran og víðar, **Varsen Aghabekian**, utanríkisráðherra Palestínu, sem fjallaði um áskoranir friðaruppbyggingar í skugga átaka og mannréttindabrota, **Jessica Stern**, fyrrum sérstakur sendifulltrúi Bandaríkjanna í málefnum LGBTQI+ fólks og fræðimaður við Carr-Ryan Center for Human Rights við Harvard Kennedy School, sem lagði áherslu á mikilvægi verndar réttinda jaðarsettra hópa, **Vladimir Kara-Murza**, rússneskur blaðamaður og lýðræðissinni sem hefur verið fangelsaður fyrir opinskáa andstöðu sína við einræðishætti og óþreytandi baráttu fyrir pólitísku frelsi og **Katja Creutz**, sérfræðingur hjá finnsku alþjóðamálastofnuninni FIIA, sem fjallaði um mikilvægi þess að standa vörð um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og styrkja alþjóðlegt samstarf til að tryggja vernd mannréttinda einstaklinga.



Auk þess tóku íslenskir fræðimenn, stjórnmálamaður og sérfræðingar þátt í umræðunni um hvernig staðbundin reynsla og þekking getur nýst til að móta árangursríkar lausnir og stefnu sem styður við friðaruppbyggingu í breyttu alþjóðlegu landslagi. Meðal þeirra var **Heiða Björg Hilmissdóttir**, borgarstjóri Reykjavíkur, sem hélt erindi þar sem hún lagði sérstaka áherslu á mikilvægt hlutverk borga í friðaruppbyggingu og vernd mannréttinda.

Í tengslum við ráðstefnuna var eins og fyrri ár haldin myndlistarsamkeppni í grunnskólum í Reykjavík sem er hluti af alþjóðlegri árlegri myndlistarsamkeppni samtaka friðarborgarstjóra (e. Mayors for Peace). Þema keppninnar er „Hvað er friður fyrir mér?“ (e. What Peace Means to Me). **Heiða Björg Hilmissdóttir**, borgarstjóri, kynnti vinningshafa í myndlistarsamkeppninni og veitti þeim viðurkenningu. Vinningsmyndirnar verða síðan sendar í alþjóðlega myndlistarsamkeppni *Mayors for Peace*.

ACONA – The Arms Control Negotiation Academy



Mikil óvissa ríkir í öryggis- og afvopnunarmálum í heiminum. Einn liður í því að svara þörfum alþjóða-samfélagsins í afvopnunarmálum er að þjálfa næstu kynslóð sérfræðinga á þessu sviði, en það er einmitt hlutverk *The Arms Control Negotiation Academy*, ACONA, alþjóðlegs 12 mánaða námskeiðs í samningatækni og afvopnunarmálum. Námskeiðið hefur vakið mikla athygli og færri hafa komist að en vildu. Þátttakendur hafa fjölbreyttan sérfræði- og akademískan bakgrunn og koma víða að, en sem dæmi má nefna að í árgangnum 2024-2025 voru þátttakendur frá Bandaríkjunum, Úkraínu, Mexíkó, Kína, Japan, Serbíu, Belgíu og Gambíu í hópnum, svo að eitthvað sé nefnt. Hingað til hafa fimm íslenskar konur tekið þátt í námskeiðinu en þátttaka þeirra er liður í því að auka þekkingu á þessu sviði á Íslandi.

Fimmti árgangur ACONA 2024 - 2025 var útskrifaður við hátíðlega athöfn í Höfða 22. maí þar sem **Sanna Magdalena Mörtudóttir**, forseti borgarstjórnar, ávarpaði nemendur og kennara og óskaði þeim til hamingju með áfangann.

Til að auka þekkingu og efla tengslanet á þessu sviði heldur ACONA einnig alþjóðlega ráðstefnu ár hvert í Reykjavík í kjölfar síðustu lotu ACONA námskeiðsins. Ráðstefnan er kjörið tækifæri fyrir Ísland til að skapa vettvang til umræðu um friðar- og afvopnunarmál og leggja áherslu á mikilvægi þátttöku kvenna við samningaborðið.

Í ár fór ACONA conference Reykjavík fram í Norræna húsinu föstudaginn 23. maí undir yfirskriftinni *Negotiating the New Frontier: Technology and Conflict in a Changing Geopolitical Order*. Á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni í ár voru **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, **Christopher Ford**, stofnandi og forstöðumaður MITRE – rannsóknastofnunar sem vinnur að lausnum á sviði öryggis, tækni og stefnumótunar, **Sibylle Bauer**, fræðastjóri rannsókna í afvopnunarmálum hjá Friðarrannsóknastofnun Stokkhólms (SIPRI), **Tong Zhao**, fræðimaður hjá Carnegie Endowment for Peace í Kína, **Darius Rahimi**, yfirmaður kjarnorkuvopnaeftirlits, útbreiðsluvarna og afvopunar hjá þýska utanríkisráðuneytinu og **Guðni Th. Jóhannesson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi forseti Íslands (2016–2024).

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og The Peace Research Institute í Frankfurt standa fyrir námskeiðinu og ráðstefnunni í samstarfi við Davis Center og Belfer Center við Harvard-háskóla og Wilson Center í Washington.

Nánar um ACONA á <https://www.armscontrolnegotiationacademy.org/>

Aðrir opnir fundir

Staða og þróun innflytjendastefnu Kanada og Íslands

Alþjóðamálastofnun og Höfði friðarsetur héldu opna málstofa í samstarfi við sendiráð Kanada á Íslandi föstudaginn 24. janúar í Þjóðminjasafni Íslands þar sem fjallað var um stöðu og þróun innflytjendastefnu Kanada og Íslands.

Jenny Hill, sendiherra Kanada á Íslandi opnaði málstofuna. **Mireille Paquet**, dósent við Concordia-háskóla og rannsóknarstjóri um stjórnmál innflytjendamála hélt erindi en eftir það fóru fram pallborðsumræður með **Nínu Helgadóttur**, teymisstjóri hjá Rauða krossi Íslands, **Paolu Cardenas**, formanni Innflytjendaráðs Íslands og **Unni Dís Skaptadóttur**, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Málstofustjóri var **Pia Hansson**, forstöðumaður Höfða friðarseturs.

Þróunarsamvinna á viðsjárverðum tímum:

Aldreí mikilvægari en nú

Höfði friðarsetur tók þátt í að halda opinn fund í samstarfi við UNICEF á Íslandi, UN Women á Íslandi, Rauða krossinn og Barnaheill þann 1. apríl þar sem fjallað var um hvernig þrengt hefur að stuðningi við þróunarsamvinnu og það bakslag sem við stöndum frammi fyrir í mannréttindamálum í heiminum. Rætt var um hvaða áhrif þessi þróun muni hafa á frið og stöðugleika á heimsvísu. Hverju þróunarsamvinna hefur skilað og hvort sá árangur væri nú í hættu.

Isabel Burchard, sem fer fyrir UNICEF Nordic donor relations og **Stella Samúelsdóttir**, formaður þróunarsamvinnunefndar og framkvæmdastýra UN Women fluttu erindi.

Að erindum loknum fóru fram pallborðsumræður með þeim ásamt **Gísla Rafni Ólafssyni**, framkvæmdastjóra Rauða krossins á Íslandi, **Svanhildi Þorvaldsdóttur**, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og **Tótlu Sæmundsdóttur**, framkvæmdastjóra Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Fundarstjóri var **Pia Hansson**, forstöðumaður Höfða friðarseturs.



Réttlæti og ábyrgð: Vernd barna í Úkraínu

Alþjóðamálastofnun og Höfði friðarsetur héldu í samstarfi við UNICEF á Íslandi og utanríkisráðuneytið opinn fund föstudaginn 20. júní þar sem rætt var um mikilvægi ábyrgðarskyldu eftir stríðsátök og spurningum varpað fram um hvernig hægt sé að tryggja réttlæti fyrir úkraínsk börn.

Fyrirlesarar á fundinum voru **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, sem flutti opunarorð, og **Róbert Spanó**, formaður tjonaskrár Evrópuráðsins fyrir Úkraínu, ásamt **Þórdísi Kolbrúnu Reykþjórf Gylfadóttur**, sérstökum erindreka framkvæmdastjóra Evrópuráðsins gagnvart úkraínskum börnum. Þau tóku þátt í pallborðsumræðum að erindum loknum ásamt **Yuliu Kyrra**, framkvæmdastjóra hjá AEQUO og stjórnarmanni hjá tjonaskrá Evrópuráðsins fyrir Úkraínu, og **Birnu Þórarinsdóttur**, framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi. Fundarstjóri var **Kári Hólmar Ragnarsson**, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.



80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna

Höfði friðarsetur stóð að opnum umræðufundi 10. september í Norræna húsinu í tilefni af afmæli Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Á fundinum var fjallað um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og hvernig Ísland getur lagt sitt af mörkum og brugðist við áskorunum framtíðarinnar. Fundurinn var vettvangur fyrir sjónarmið úr alþjóðastarfi, fræðasamfélagi og borgaralegu samfélagi, þar sem rætt var um þau tækifæri og þá ábyrgð sem smáríki eins og Ísland bera í fjölþjóðlegu samstarfi.

Frummælendur á fundinum voru; **Guðni Th. Jóhannesson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi forseti Íslands (2016-2024), **Árni M. Mathiesen**, fyrrum framkvæmdastjóri (ADG) og yfirmaður sjávarútvegs- og fiskeldisdeildar FAO í 10 ár, **Helen María Ólafsdóttir**, ráðgjafi í öryggis- og þróunarmálum og **Þorgerður María Þorbjarnardóttir**, formaður Landverndar. Fundarstjóri var **Bogi Ágústsson**, fjölmiðlamaður.



Þróun setursins og hugmyndavinna að frekara samstarfi

Á árinu hefur orðið sú breyting á starfsemi Höfða friðarseturs að nýsköpunarhraðallinn Snjallræði sem Höfði friðarsetur stofnaði árið 2018 og hefur haldið utan um síðan var færður yfir miðlægt í Háskóla Íslands í kjölfar viðræðna við **Einar Þorsteinsson**, þáverandi borgarstjóra.

Þessi breyting er í samræmi við ósk borgarinnar og gefur Höfða friðarsetri aukið svigrúm til að einbeita sér að öðrum verkefnum sem styðja við stefnumótun borgarinnar á sviði friðar og samfélagsþróunar.

Höfði friðarsetur hefur á árinu unnið í samstarfi við borgina og starfshóp um stefnumótun um Viðey að hugmyndum að nýjum verkefnum. Þar má meðal annars nefna:

► Friðardagar í Reykjavík

Til að gera þema friðarráðstefnunnar meira áberandi í borginni og fá borgarbúa til að taka þátt í samtalinu um frið var lagt til að hafa fleiri viðburði í gangi vikuna í kringum tendrun friðarsúlunnar og ráðstefnuna.

- Sýning á myndum skólabarna í myndlistarsamkeppninni Mayors for Peace í Viðeyjarstofu í tengslum við tendrun friðarsúlunnar
- Plakatasamkeppni í framhaldsskólum eða smásögukeppni tengd þemanu
- Kvikmyndasýningar tengdar þema ráðstefnunnar
- Ljóðalestur / Slam Poetry
- Hliðarviðburðir á vegum félagasamtaka
- Tónleikar með friðarívaði – bjóða innlendum og erlendum listamönnum sem nota tónlist til að ýta á breytingar

Mögulegir samstarfsaðilar: Listasöfn, bókasöfn, félagasamtök, ungliðahreyfingar, Bíó Paradís, RIFF.

► Ungir leiðtogar

Reykjavíkurborg er nú þegar með mjög flott verkefni sem heitir Ungir leiðtogar og er fyrir ungt fólk með erlendan bakgrunn. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að fræða þau um mannréttindi og lýðræði og auka sjálfstraust þeirra til að koma skoðunum sínum á framfæri. Höfði friðarsetur gæti aðstoðað við kennslu á námskeiðinu og aðstoðað við að gera það stærra með þátttöku nemenda frá fleiri löndum. Þá væri hægt að sjá fyrir sér að þessi ungmenni kæmu til Reykjavíkur á stutt námskeið í kringum friðarráðstefnuna ár hvert.

► 40 ára afmæli leiðtogafundarins í Höfða

40 ára afmæli leiðtogafundarins í Höfða á næsta ári er frábært tækifæri fyrir Reykjavíkurborg til að leggja áherslu á hlutverk borgarinnar sem friðarborgar og vettvangs fyrir sáttamiðlun. Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir afmælisárið:

- **Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar**
Hægt væri að vera með sérstakan panel á árlegri ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar síðasta vetrardag, miðvikudaginn 22. apríl 2026, með þátttöku borgarstjóra. Lögð væri áhersla á arfleifð leiðtogafundarins í Höfða, nýjar áskoranir í friðar- og afvopnunarmálum og hvaða hlutverki borgir geta gegnt í friðarumleitunum.
- **Námskeið í samningatækni og afvopnunarmálum**
ACONA-námskeiðið, sem Höfði hefur haldið utan um í fimm ár, er kjörið verkefni til að lyfta upp á afmælisárinu. Taka mætti viðtöl við þá ungu sérfræðinga sem hafa haft gagn af því að fara í gegnum námskeiðið hér í Reykjavík og ræða við þau um hvað þau hafa haft fyrir stafni síðan þá og þeirra hugmyndir um hvernig mætti koma á sátt um kjarnorkuafvopnun í heiminum.
- **Námskeið fyrir framhaldsskólanema**
Halda mætti námskeið fyrir framhaldsskólanema í samningatækni og sáttamiðlun. Sérstakur fókus væri á leiðtogafundinn og hugmyndir nemendanna um hvernig Reykjavík gæti orðið öflugur málsvari friðar og mannréttinda í dag.
- **Ungmennafundur í Höfða**
Í kjölfarið á námskeiðinu fyrir framhaldsskólanema væri hægt að halda ungmennafund í Höfða með þátttöku borgarfulltrúa þar sem ungmenni fá tækifæri til að viðra hugmyndir sínar um eflingu mannréttinda og jafnréttis. Hægt væri að tengja þennan fund við verkefnið Ungir leiðtogar.
- **Árleg friðarverðlaun Höfða**
Hægt væri að nota tilefni 40 ára afmælis leiðtogafundarins til að búa til hefð fyrir því að veita árlega viðurkenningu til einstaklinga sem vinna að friði og sátt í samfélögum. Viðurkenningin gæti verið veitt við hátíðlega athöfn í Höfða 9. október og vinningshafinn gæti verið með stutt innlegg á friðarráðstefnu Höfða friðarseturs 10. október.